

Nd.

## 42. Frumvarp til laga

[42. mál]

um fræðslumyndasafn ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

### 1. gr.

Yfirstjórn fræðslumyndasafns ríkisins er í höndum menntamálaráðuneytisins. Menntamálaráðherra skipar fimm menn í stjórn safnsins til fjögurra ára í senn, samkvæmt tillögum stjórnna Sambands íslenzkra barnakennara, Landssambands framhaldsskólakennara, Menntamálaráðs Íslands og útvarpsráðs, en ráðherra skipar formann safnstjórnar án tilnefningar. Ef stjórnarmaður forfallast eða lætur af störfum, skal skipa mann í stjórnina á sama hátt.

Forstöðumaður fræðslumyndasafns á sæti á fundum safnstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, en eigi atkvæðisrétt. Getur hann skotið þeim ákvörðunum stjórnarinnar, er mjög varða fjárhag safnsins, undir úrskurð ráðuneytisins.

### 2. gr.

Hlutverk fræðslumyndasafns ríkisins er, eftir því sem við verður komið:

- a. Að festa kaup á erlendum og innlendum kvikmyndum og kyrrmyndum í þágu fræðslumála og annarra menningarmála.
- b. Að eignast tæki til fræðslumyndagerðar, svo og sýningartæki eftir þörfum, og leiðbeina fræðslustofnunum, er þess æskja, um val og úttegum sýningar-tækja.
- c. Að lána skólum og öðrum fræðslustofnunum myndir og tæki til notkunar við kennslu. Enn fremur að lána eða leigja þessum aðilum, svo og félögum, er hafa menningarmál á stefnuskrá sinni og standa öllum opin án tillits til stjórn mála-skodana, myndir og tæki til afnota í sambandi við félags- og skemmtanalíf.
- d. Að láta þýða eða gera íslenzkar skýringar við erlendar fræðslumyndir.
- e. Að verja hluta af tekjum safnsins til úttegum á hljómplötum og tónböndum til notkunar við fræðslu og félagslíf í skólum. Skal um þetta höfð samvinna við Ríkisútvarpið.
- f. Að hafa samráð við Menntamálaráð Íslands um gerð fræðslu- og menningar-mynda. Enn fremur getur safnið ráðizt í töku kynningarmynda um einstaka þætti atvinnulífs og félagslífs, og er heimilt að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í myndagerðinni.
- g. Að efla íslenzka fræðslumyndagerð á annan hátt — svo sem með því að styrkja efnilega menn til þess að afla sér þekkingar í þeim efnem, er safninu megi síðar að gagni verða.

### 3. gr.

Alþingi veitir í fjárlögum ár hvert fé til rekstrar safninu, og skal sú fjárveiting eigi vera lægri en sem svarar 4% af skemmtanaskatti umliðins árs. Stjórn safnsins gerir árlega áætlun um tekjur þess og gjöld, og skal fjárhagsáætlunin háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Enn fremur getur safnið aflað sér tekna með kvikmynda-sýningum, og skulu þær sýningar undanþegnar skemmtanaskatti.

### 4. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar forstöðumann safnsins, að fengnum tillögum safnstjórnar, og setur ráðuneytið honum erindisbréf og ákveður laun hans, unz þau verða ákveðin í launalögum. Skal hann annast daglega stjórn safnsins. Hann skal árlega semja skýrslu um rekstur og hag safnsins og senda hana menntamálaráðu-neytinu í lok hvers starfsárs. Reikningar safnsins skulu gerðir árlega og endur-sköðaðir af endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins.

Safnstjórnin ræður annað starfsfólk safnsins í samráði við forstöðumann, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins og eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

5. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett fyllri ákvæði um starfsemi og rekstur safnsins, meðal annars kveðið á um meðferð, vörzlu og útlán eða leigu mynda og tækja og um myndasýningar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 1 21. janúar 1944, að svo miklu leyti sem þau fjalla um kennslukvikmyndir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um fræðslumyndasafn flutti menntamálanefnd efri deildar 1959 að beiðni menntamálaráðherra, en frv. varð eigi útrætt. Frv. er samhljóða fyrra frv., nema hvað nú er heimilað að taka leigu fyrir myndir. Frv. fylgdi greinargerð, sem hér birtist óbreytt að öðru leyti en tekur til heimildarinnar um leigu fyrir myndir.

Fyrstu lög, sem sett voru hér á landi um kennslukvikmyndir, eru frá árinu 1937, en nú gilda um þau efni lög nr. 1/1944, um lestrarfélög og kennslukvikmyndir. Var kennslukvikmyndasafninu þar ákveðinn viss hluti skemmtanaskatts. Hlutdeild kennslukvikmyndasafns í skemmtanaskatti var breytt með lögum nr. 115/1951, og með lögum nr. 57/1957 er breytt til og kennslukvikmyndasafni eigi lengur ætlaðar tekjur af skemmtanaskatti. Í fjárlögum fyrir árið 1958 eru safninu ætlaðar kr. 250 000.00.

Fer hér á eftir yfirlit um tekjur og gjöld safnsins á árunum 1938—1955:

Ár	Tekjur	Kvikm. keyptar	Kvikm.-taka	Áhöld	Önnur gjöld	Samtals
1938—1939	8 625.69	264.03	„	1 364.48	684.00	2 312.53
1940 .....	7 946.85	3 960.90	984.42	1 744.98	389.92	7 080.22
1941 .....	11 892.48	3 110.41	964.20	2 027.14	444.95	6 546.80
1942 .....	18 120.83	438.27	6 942.60	533.75	807.00	8 721.62
1943 .....	36 162.41	1 115.93	2 046.54	627.30	652.50	4 442.27
1944 .....	74 893.27	249.17	9 521.64	10 998.15	37.50	20 806.46
1945 .....	162 991.62	19 897.75	948.65	2 700.00	12 857.18	36 403.58
1946 .....	161 282.96	22 801.62	4 410.00	18 559.52	60 767.13	106 538.27
1947 .....	174 818.69	15 903.57	„	11 320.51	33 505.62	60 729.70
1948 .....	8 534.19	31 558.82	5 225.24	6 233.77	145 502.74	188 520.57
1949 .....	373 001.83	121 505.88	2 038.00	21 026.86	138 308.64	282 879.38
1950 .....	384 784.20	105 463.26	3 851.20	14 627.56	372 123.25	496 065.27
1951 .....	271 404.51	86 236.08	5 765.37	65 634.93	96 960.79	254 597.17
1952 .....	383 094.96	72 491.07	23 790.58	122 754.48	233 627.59	452 663.82
1953 .....	243 119.35	34 696.37	41 725.62	42 295.14	150 957.11	269 674.84
1954 .....	307 225.46	160 291.40	„	„	49 329.25	209 620.65
1955 .....	188 587.12	117 118.49	„	11 332.30	82 198.69	210 694.48
Samtals	kr. 2 816 486.42	797 103.04	108 214.06	333 780.57	1 379 153.86	2 618 251.53

Rétt er að geta þess, að í liðnum önnur gjöld eru fólgin öll starfslaun við safnið frá 1954, en fyrir þann tíma var slíkur kostnaður greiddur af skrifstofufé fræðslu-

málaskrifstofunnar. Árið 1956 voru tekjur safnsins kr. 186 590.53 (hluti af skemmtanask. ársins 1955), en gjöldin námu kr. 178 505.48. Gjöldin skiptust þannig:

Vinnulaun .....	kr. 77 471,26
Keyptar kvikmyndir .....	— 87 646.60
Flutningsgjöld .....	— 1 850.80
Tryggingar .....	— 5 377.25
Ýmis gjöld .....	— 6 159.57

Í safninu eru nú alls um 1070 kvikmyndir, þar af 27 íslenskar. Flestar íslensku myndanna eru í 2—3 eintökum, en flestar erlendu myndanna aðeins í einu eintaki. Verulegur hluti myndanna er orðinn svo slitinn, að þær þarf að endurnýja. Á það einkum við um skemmtimyndir.

Myndir safnsins skiptast þannig eftir efni:

Dýrafræði .....	127 myndir
Eðlisfræði .....	16 —
Félagsmál .....	113 —
Fréttamyndir .....	22 —
Grasafræði .....	21 —
Heilsufræði og líkamsfræði .....	95 —
Iðnaður og námugróftur .....	59 —
Íþróttir .....	63 —
Landfræði .....	250 —
Landbúnaður .....	36 —
Listir .....	29 —
Saga .....	37 —
Samgöngur .....	19 —
Skemmtimyndir .....	111 —
Trúmál .....	32 —
Tækni .....	32 —
Veiði .....	18 —

Notendur safnsins eru einkum skólar af öllum stigum. Um 120 skólar og 30 félög og stofnanir fá myndir lánaðar að staðaldri. Árið 1956 lánaði safnið alls 3273 myndir. Skiptust þær þannig eftir efni:

1955 skemmtimyndir,  
1132 myndir um annað efni og  
186 kyrrmyndir.

Kennslutækni hefur fleygt fram á ýmsan hátt á undanförunum árum. Einn þáttur þeirrar þróunar er fólgin í því, að kvikmyndir og svonefndar myndræmur hafa á síðari árum í æ ríkari mæli verið teknar í þjónustu kennslutækninnar. Slíkar myndir stuðla að því að gera námsefnið lifandi og aðlaðandi fyrir nemendur og gera kleift að lýsa atburðum, náttúrufyrirbærum, vinnubrögðum og fleiru, sem erfitt eða ógerlega væri að skýra nægilega vel með öðrum hætti.

Hljómplötur og tónbönd eru nú talin nauðsynleg hjálpargögn við kennslu, og nær ómissandi við kennslu tungumála og tónlistarfræðslu. Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að fræðslumyndasafnið efli þennan þátt skólasterfsins eftir föngum, og er enn fremur nauðsynlegt, að notkun þessara kennslugagna verði skipulögð og samræmd.

Með þessu frumvarpi er fræðslumyndasafnið ekki einskorðað við skóla og kennslumál, enda þótt því sé ætlað að gegna mikilvægu og sívaxandi hlutverki í þeim efnum. Eitt af því, sem torvelað hefur, að fræðslumyndasafnið gæti gegnt hlutverki sínu, er skortur á íslenskum fræðslumyndum. Ýmsir einstaklingar hafa lítilliga og af vanefnum fengizt við gerð slíkra mynda, en engin föst og skipuleg

starfsemi af því tagi hefur náð að festa rætur. Fræðslumyndasafninu er nauðsyn, að íslensk kvikmyndagerð verði eflað á ákveðinn og skipulegan hátt. Eru með þessu frumvarpi lögð drög að því, að svo megi verða. Fræðslumyndasafnið ræður yfir nokkurri tækja- og áhaldaeign til kvikmyndagerðar, og stefna ber að því, að safninu bætist fullkomnari tæki og að því vaxi svo fiskur um hrygg, að því verði kleift að ráða í þjónustu sína hæfa kvikmyndagerðarmenn. Ýmsir íslenskir áhugamenn hafa þegar náð býsna langt á þessu sviði, þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Hæfileika og reynslu þessara manna gæti fræðslumyndasafnið fært sér í nyt og stuðlað að því, að störf þessa dreifða hóps færist í skipulegra og markvissara horf.

Hinu má ekki gleyma, að kvikmyndagerð er margþætt og vandasöm listið og eigi verður til lengdar stuðzt við áhugamenn eingöngu. Því er gert ráð fyrir, að safnið geti styrkt efnilega menn til sérmenntunar í þessum efnun.

Efni í íslenskar kvikmyndir mega heita ótæmandi. Nauðsynlegt er að kvikmynda ýmsa þjóðlífsþætti og vinnubrögð, sem eru að hverfa með þjóðinni. Varðveita þarf lifandi myndir af brautryðjendum og öðrum merkjum mönnum. Lítið sem ekkert hefur verið gert að því að taka kynningarmyndir vegna helztu framleiðsluvara okkar, og ætti að geta tekizt góð samvinna við framleiðendur og útflytjendur um gerð slíkra mynda, því að ekki mun fé, er þannig væri varið, á glæ kastað, svo mikið er auglýsinga- og áróðursgildi kvikmynda. Að sjálfsgöðu þarf að gera fleiri landkynningarmyndir, og svo mætti lengi telja.

Einu atriði enn er rétt að vekja athygli á. Sjónvarp mun væntanlega halda hér innreið sína innan tíðar, svo sem raun hefur á orðið í mörgum öðrum löndum. Íslenskt sjónvarp hlýtur að visu að styðjast að miklu leyti við erlendar kvikmyndir á dagskrá sinni, en mikilsvert er, að hér skapist vísir að skipulegri íslenskri kvikmyndagerð, og reyndar má telja það eitt af grundvallarskilyrðum fyrir rekstri íslensks sjónvarps. Af kostnaðnarsökum er fyrirsjáanlegt, að kvikmyndir verða megindagskrárefni íslenska sjónvarpsins, og ódýrasta og heppilegasta innlenda sýningarefnið mundi þá væntanlega verða sýning 16 mm kvikmynda, einkum fréttamynda alls konar.

Hinn 8. júní 1955 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, nefnd til þess að semja frv. til laga um fræðslumyndasafn ríkisins. Í nefndinni áttu sæti: Ásgeir Pétursson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Einar Pálsson, leikari, og Pálmi Jósefsson, skólastjóri. Auk þess tók Aðalsteinn Eiríksson, námsstjóri, þátt í störfum nefndarinnar. Nefndin skilaði frv., ásamt grg., til ráðuneytisins hinn 18. sept. 1956.

Ráðuneytið hefur gert nokkrar breytingar á frv. nefndarinnar. Í stjórn safnsins hefur verið bætt fulltrúum tilnefndum af Menntamálaráði Íslands og útvarpsráði með tilliti til fyrirhugaðs samstarfs safnsins og þessara aðila. Svo er og bætt við ákvæði um aðstöðu forstöðumanns á safnstjórnarfundum. Þá er hlutverk safnsins ítarlegar rakið en gert var í frv. nefndarinnar, m. a. er nú tekið fram í frv., að kvikmyndagerð skuli vera meðal verkefna safnsins, en nefndin lét nægja að víkja að því efni í grg. Er safnstjórn heimilað að semja við stofnanir og samtök um fjárhagslega þátttöku slíkra aðila í þeirri starfsemi. Enn fremur er heimilað að styrkja menn til náms, sem safninu má að gagni verða. Nefndin gerði ráð fyrir, að fé til safnsins skyldi fengið af skemmtanaskattstekjum, en síðan frv. nefndarinnar var samið, hafa verið sett lög, er ráðstafa tekjum af skemmtanaskatti á annan veg, og bar því nauðsyn til að breyta þessu ákvæði. Samkvæmt frv., eins og það nú liggur fyrir, ákveður Alþingi í fjárlögum fjárveitingar til safnsins. — Aðalbreytingar ráðuneytisins eru m. ö. o. fólgnar í því, að hlutverk safnsins er gert viðtækara og verkefni þess fjölbreyttari, stjórn safnsins breytt og gert ráð fyrir framlagi í fjárlögum til safnsins í stað tekna af skemmtanaskatti. Þá hefur grg. með frv. verið augin og henni breytt í samræmi við breytingar ráðuneytisins og viðauka við frv.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

#### Um 1. gr.

Æskilegt er, að fulltrúar kennarasamtaka eigi sæti í stjórn safnsins. Þá er svo ráð fyrir gert, að menntamálaráð og ríkisútvarp eigi fulltrúa í safnstjórninni. Í lögum nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, er gert ráð fyrir, að tekjum menningarsjóðs skuli m. a. varið til stuðnings gerð íslenskra menningar- og fræðslukvikmynda. Samvinna þyrfti því að takast milli fræðslumyndasafns og menntamálaráðs í þessu efni, og ætti seta fulltrúa af hálfu menntamálaráðs í stjórn safnsins að stuðla að því, að slík samvinna megi takast.

#### Um 2. gr.

Í greininni eru talin helztu viðfangsefni, sem safninu er ætlað að sinna. Er safninu að sjálfsögðu ætlað, svo sem verið hefur, að sjá skólum fyrir kennslukvikmyndum, enn fremur kyrrmyndum alls konar, en notkun slíkra mynda við kennslu hefur farið mikið í vöxt, og eru tæki til sýninga á slíkum myndum í vörzlu margra skóla.

Þá er lögð áherzla á, að safnið láti gera eða stuðli að gerð íslenskra fræðslumynda, og er ætlað til, að safnið eignist sjálft hæfileg tæki til kvikmyndagerðar, bæði til afnota fyrir fasta starfsmenn safnsins og kvikmyndagerðarmenn, er kynni að vera falin gerð einstakra kvikmynda. Einnig þarf að bæta húsnæðisaðstöðu safnsins, svo að því verði kleift að sinna kvikmyndagerð.

Safninu er enn fremur ætlað að verða til eflingar heilbrigðu félags- og skemmtanalífi í skólum og æskulýðsfélögum.

Um  $\frac{2}{3}$  hlutar af myndlánnum safnsins hafa verið skemmtimyndir alls konar, og sýnir það ljóslega þörfina í þessum efnunum. Þá er og gert ráð fyrir, að safnið láni skólum hljómplötur og tónbönd í sama skyni. Þá skal safnið eftir megni sjá skólum fyrir hljómplötum og tónböndum vegna tungumálanáms, svo og vegna tónlistarfræðslu, og virðist heppilegt að hafa samvinnu við Ríkisútvarpið. Er útvarpsráði ætlað að nefna einn fulltrúa í stjórn safnsins.

Þá þykir rétt að heimila safninu að hafa samvinnu við ýmsa aðila um gerð upplýsinga- og kynningarmynda. Eru þá einkum höfð í huga útflutningsfyrirtæki og bankar, ferðaskrifstofur og fjölmenn heildarsamtök, er kynnu að hafa áhuga á að taka fjárhagslegan þátt í gerð mynda, er fjölluðu um hagsmuna- og hugðarfeni þeirra.

Hörgull á sérmenntuðum kvikmyndagerðarmönnum hlýtur að verða þróun íslenskrar kvikmyndagerðar fjötur um fót. Því er heimildarákvæði í frv. til þess að styrkja menn til náms í þeim fræðum.

#### Um 3. gr.

Þar sem fræðslumyndasafnið nýtur nú eigi lengur hluta af skemmtanaskatti, er gert ráð fyrir, að Alþingi veiti í fjárlögum fé til safnsins. Þá þykir og rétt, að safninu verði tryggt eigi lægra fjárframlag en það naut, áður en núgildandi skipan var tekiu upp. Skv. upplýsingum frá ríkisbókara nema 4% af skemmtanaskatti ársins 1957 um 230 þús. kr., en í gildandi fjárlögum eru safninu ætlaðar 250 þús. kr. Í aths. við 2. gr. frv. er vikið að þeim möguleika, að stofnanir og samtök taki fjárhagslegan þátt í gerð einstakra mynda. Í þessari gr. er einnig heimilað, að safnið efni sjálft til kvikmyndasýninga.

#### Um 4. gr.

Greinin hefur að geyma ákvæði um starf forstöðumanns. Laun forstöðumanns og annarra fastra starfsmanna, er kynnu að verða ráðnir í þjónustu safnsins, yrðu væntanlega á sínum tíma ákveðin í launalögum.

#### Um 5. gr.

Í reglugerð um safnið mætti setja reglur um útlán eða leigu mynda og tækja.